

Ár 1973, miðvikudaginn 14. nóvember, var í málinu nr. 31/1973  
kveðin upp af Yfirfasteignamatsefnd svohljóðandi

Ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Gíslí Sigurðsson, kennari, Miðtúni 9  
í Reykjavík, á allmikilíð land í Grimsneshreppi.  
Neyrði land þetta áður til jörðinni Miðengi þar í sveit. Í landi  
þessu reisti Gíslí sumarhústað á sínum tíma. Í aðalmati fasteigna  
var þessi fasteign metin á samtals kr. 268.000,00, þar af sumarhúsi  
á kr. 170.000,00, 0,5 ha lands á kr. 50.000,00 og ca. 24 ha heiti-  
lands á kr. 48.000,00.

Sumarið 1972 tóku millimatsefndir í Grimsneshreppi ofangreint  
land til endurnatts, og í matsgerð þeirra, dags. 9. júlí 1972, eru  
9 hektarar lands metnir á samtals kr. 500.000,00 og 51 hektari  
lands á kr. 2.550.000,00. Matsverð umrædda lands var samkvæmt  
nefndu endurnati millimatsefnda samtals kr. 3.050.000,00. Á grund-  
velli þessa endurnatts var lagður fasteignaskattur á umrædda fast-  
eign, kr. 5.000,00 á 5 hektara sumarhústaðalanda, kr. 25.500,00 á  
51 hektara óbyggða lands og kr. 1.700,00 á sumarhúsi, eða samtals  
kr. 32.200,00.

Með bréfi, dags. 20. desember 1972, kærði Gíslí Sigurðsson  
til Yfirfasteignamatsefndar bréfi ofangreint endurnat millimatsef-  
nda og fasteignaskattsálagningu Grimsneshrepps. Telur kærandi  
fasteignamataverð þetta alltof hátt og vísar þar til þess, að landið  
sé talið miklum mun stærra en það sé og að auki sé núeins um venju-  
legt landbúnaðarland að ræða. Í því sambandi telur kærandi fram, að  
um ófyrirsjáanlega framtíð verði aðeins unnt að nota land þetta til  
beitar, enda hafi hann engin tök á að gera þar ráðstafanir, sem  
nauðsynlegar séu til þess að skipta nagi landinu í sumarhústaðalönd.  
Þá telur kærandi, að fasteignin sé ranglega skattlögð samkvæmt b-líð  
3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjusteina sveitarfélaga, sbr. nú 3. gr.  
reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt.

Með bréfi umboðsmanns kæranda, sem dagsett er 2. nóvember s.l.,  
fylgir uppdráttur af umræddu landi. Samkvæmt honum er landið um 48  
hektarar og verður sú stærð lögð til grundvallar í úrskurði þessum.  
Líta verður svo á, að endurnat umrædda lands hafi verið heimilt  
samkvæmt 2. tl. 21. gr. laga nr. 35/1963 um fasteignamat og fast-  
eignaskráningu. Eginhluti landsins verður ekki nýttur til byggingar  
sumarhústaða, nema ráðist sé í ýmsar kostnaðarsamar frakkvæmdir, en  
ekki verður fullyrt með vissu, hve mikinn kostnað sé þar um að ræða,  
né hverjir tálmar kynnu að öðru leyti að standa í vegi fyrir nýtingu  
landsins með þeim hatti.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, stærð landsins og  
öðrum atriðum, sem máli skipta, ákveðat fasteignamataverð landsins  
að svo stöddu kr. 1.750.000,-. Umrætt land hefur eigandi þess giv-  
og ekki hafa komið fram gögn um, að það sé hagnýtt í þágu landbúnaðar.

Þer því að leggja fasteignaskatt á landið á grundvelli b-liðu  
3. gr. laga nr. 3/1972 og 3. gr. reglugerðar nr. 320/1972.

Ú R Ð K U R Ð A R O R Ð :

Fasteignasamtaverð ofangreinds lands ákveðst kr. 1.750.000,-.  
Lagga skal fasteignaskatt á landið á grundvelli b-liðu 3. gr.  
laga nr. 3/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 3. gr. reglugerðar  
nr. 320/1972 um fasteignaskatt.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Fáini Jónsson

Rétt afrit staðfest.

Reykjavík, 14/11. 1973.

.....